



**STEFNA HAGA HF.
UM SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ
APRÍL 2021**

Stefna Haga hf. um samfélagslega ábyrgð

Hagar sem öflugt félag á smásölumarkaði er í daglegum tengslum við almenning í landinu. Hagar hafa lagt metnað sinn frá upphafi í að þjóna íslenskum neytendum með ábyrgum hætti. Stefna Haga um samfélagslega ábyrgð er langtímaáætlun félagsins um hvernig það getur lagt sinn skerf til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða heilbrigðum rekstri. Stefnan segir auk þess til um hvernig samskiptum við hagsmunaaðila verði háttáð. Helstu hagsmunaaðilar Haga eru starfsfólk, hluthafar, viðskiptavinir, birgjar og fjármögnunaraðilar, fjölmiðlar auk samfélagsins í heild sinni.

Hagar eru aðilar að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, og hafa verið frá upphafi árs 2016. Í lok árs 2019 skrifuðu Hagar, fyrir hönd samstæðunnar, undir samning við Klappir Grænar lausnir ehf. en markmið með samningnum er að ná mælanlegum árangri í umhverfismálum og málum tengdum sjálfbærni. Samhliða því gefa Hagar út samfélagsuppgjör samstæðunnar skv. UFS leiðbeiningum Nasdaq.

Stefnuyfirlýsing

Hagar vilja láta gott af sér leiða og starfa í sátt við samfélag og umhverfi. Hagar vilja eiga gott samstarf við hagsmunaaðila sína og skapa þeim virði með ákvörðunum sínum. Samfélagsleg ábyrgð er hluti af grunnrekstri félagsins og er höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku í stórum málefnum. Við mat á árangri skal horft til þeirra áhrifa sem félagið hefur á samfélag sitt og umhverfi, auk arðsemi.

Meginstoðir stefnu

Stefna Haga um samfélagslega ábyrgð byggir á fimm meginstoðum. Stoðirnar móta þær áherslur sem félagið fer eftir og mótar þau lykilverkefni sem unnið er að hverju sinni. Meginstoðirnar fimm eru ekki innbyrðis háðar og ein stoð er ekki annarri mikilvægari.



Heimsmarkmið er styðja stefnu

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru 17 talsins og hafa Hagar valið 6 af markmiðunum sem leiðarljós í framkvæmdaráætlun. Heimsmarkmiðin styðja stefnustoðir félagsins og er ætlað að virkja stjórnendur til innleiðingar á stefnu og framkvæmda á verkefnum.



Framkvæmd og gildissvið

Stefna Haga um samfélagslega ábyrgð nær til móðurfélagsins auk allra dótturfélaga samstæðunnar og skal vera leiðbeinandi fyrir þau. Stjórn félagsins og stjórnendur láta sig málaflokkinn varða og bera á honum ábyrgð. Markvisst er unnið að framfylgd stefnunnar innan félagsins. Stefna um samfélagslega ábyrgð og árangursmat hennar er hluti af stefnumótun innan félagsins og er málaflokki helgað sérstökum kafla í ársskýrslu félagsins. Stefnu þessa skal endurskoða að lágmarki á 12 mánaða fresti.

Þannig samþykkt 15. apríl 2021

Stjórn Haga hf.